

Alþingi
Erindi nr. P 135/498
komudagur 28.11.2007

Til: Efnahags – og skattanefndar
Frá: Tekju- og lagaskrifstofu

Efni: Frumvarp til laga um um breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Í neðangreindu yfirliti koma fram tölur yfir erfðafjárskatt skv. ríkisreikningi frá árunum 1999-2007 (tekjur ársins á rekstrargrunni).

| | m.kr. |
|-------------------------|-------|
| 1999 | 599 |
| 2000 | 765 |
| 2001 | 673 |
| 2002 | 769 |
| 2003 | 735 |
| 2004 | 892 |
| 2005 | 866 |
| 2006 | 951 |
| 2007, jan.-sept. | 1.187 |

Skv. 55. gr. erfðalaga nr. 14/1962 renna eigur manns sem á enga erfingja í ríkissjóð. Ríkissjóður hefur ekki greitt erfðafjárskatt í þessum tilvikum þar sem ekki er litið á ríkissjóð sem erfingja í þeim tilvikum og er ráðstöfunin bókuð sem óvissar tekjur í ríkissjóð.

Skv. 4. gr. laga nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, er skattstofn erfðafjárskatts öll verðmæti sem verða metin til fjár þar með talið áunnin óefnisleg verðmæti sem metin eru til fjár t.d. aflaheimildir og hugverkaréttindi. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins er sett til að taka af öll tvímæli um að þegar hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli einnig meta til skattstofnsins áunnin óefnisleg verðmæti í eigu hlutabréfsins sem metin eru til fjár og sem gefi arð af sér í framtíðinni. Hlutabréfin og óefnislegu verðmætin eru metin í einu lagi þannig að það er heildarmatið sem sem verður skattstofn erfðafjárskattsins.